

Ár 2003, þriðjudaginn 18. febrúar, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 1/2003:

Handboltadeild Stjórnunnar

gegn

Handknattleiksdeild ÍBV

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 7. febrúar 2003 og móttækin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest og dómtekið þann 18. febrúar 2003 og var dómur kveðinn upp sama dag.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-3.

Dómkröfur kæranda:

Hbd. Stjórnunnar gerir þær dómkröfur aðallega að úrslit leiks meistaraflokks kvennadeilda kæranda og kærða sem fram fór í Vestmannaeyjum 6. febrúar s.l. verði dæmd kæranda í hag en til vara að leikurinn verði leikinn að nýju á öðrum stað án áhorfenda. Að auki að staðfest verði með dómi að hlunnfara hafi átt kæranda um aðgangseyri og að reiknaður verði út aðgangseyrir á grundvelli gagna sem Stjarnan mun leggja fram og heimaliðið sektað fyrir handvömm við framkvæmd innheimtu og kefst kærandi alls útreiknaðs aðgangseyris auk sektar á heimalið vegna framkvæmdar.

Málsástæður kæranda:

Kærandi heldur því fram að fleiri áhorfendur hafi verið á leiknum en kærði hafi gefið upp og greiddur aðgangseyrir á leikinn segir til um. Einnig hafi verið innheimtur lægri aðgangseyrir fyrir fullorðna, unglunga og börn en aðilar höfðu komið sér saman um fyrir leikinn. Mikið af fólki hafi verið hleypt inn í húsið án aðgöngumiða. Verulegir ágallar hafi einnig verið á framkvæmd leiksins af hálfu kærða og ákvæði í reglum HSÍ um öryggi á leikjum hafi ekki verið uppfyllt. Þá hafi leikurinn byrjað seint vegna kynningar heimaliðsins þar sem notaður hafi verið reykur sem kærði hafi staðið fyrir án samráðs eða vitundar kæranda. Um lagarök vísar kærandi til ákvæða í lögum og reglugerðum HSÍ svo sem hér greinir; Gr. 5.7. í reglugerð um bikarkeppni HSÍ, gr. 2.1.24. reglugerðar um handknattleiksmót og gr. 22., leiðbeiningar til framkvæmdaraðila leikja.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 7. febrúar 2003 og stimpluð um móttöku sama dag á skrifstofu HSÍ. Þannig hefur kæran borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr.

reglugerðar um dómstól HSÍ. Einnig er lagt til grundvallar að uppfyllt hafi verið ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar um kærurétt þannig að kærandi geti talist vera réttur aðili að málinu.

Samkvæmt ákvæði 2.2.1.3. reglugerðar um handknattleiksmót þá sker mótstjórn úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts og einstakra leikja og hefur rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund. Skv. 22. gr. þá gefur mótanefnd úr leiðbeiningar vegna framkvæmdar leikja, til allra framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili leiks er stjórn þess félags sem á heimaleik. Samkvæmt ákvæði 5.7. reglugerðar um bikarleiki þá skal leikur gerður upp á leikstað eftir leik. Ef sannanlegt þykir að mati mótanefnda að annað liðið hefur ekki gert upp eigi síðar en 3 dögum eftir leik skulu vanskilaákvæði 2.2. reglugerðar um handknattleiksmót gilda fyrir félag í vanskilum.

Kæruatriði þessa máls snúast um framkvæmd kappleiks á milli kæranda og kærða. Þau atriði eiga undir mótanefnd HSÍ skv. tilvitnuðum ákvæðum laga og reglugerða HSÍ. Það er ekki Dómstóls HSÍ að fjalla um kæruefni þessi eins og þau eru borin undir dómstólinn. Kærumáli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

DÓMSORÐ:

Kæru Handboltadeildar Stjörnunnar gegn Handknattleiksdeild ÍBV dagsettri 7. febrúar 2003 er vísa frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson